

Fundur 15.5.2023 Þorsteinn Jónsson frá Úlfsstöðum.

Komið þið allir blessaðir og sælir.

*Blessaður.*

Aflmikill hér á framlífs jörð, æfinlega jafn gaman að tala við ykkur og komast í sambandið og vil ég sérstaklega heilsa mínum ættingjum.

*Ert þú Þorsteinn Jónsson.*

Já.

*Velkominn.*

*Sæll.*

Já. Komdu margblessaður og þið allir.

Já, þakka þér fyrir.

Kom Sveinn nýlega í sambandið og höfum við reynt að koma þessu þannig fyrir að orkan leyfir okkur að koma í sambandið, en stundum erum við háðir aðkomnum stilliáhrifum og erum við ánægð með allt það sem kemst í gegn en eins og kona ein ætlaði að segja hér fyrir í vetur sem ekki komst í sambandið, Margrét frá Öxnaelli, þá er mismunandi hvað hægt er að koma í gegn hjá miðlinum hverju sinni.

Og getum ekki komið öllum æsku minningum, en ætla ég einmitt að reyna að koma að því á eftir.

Hér er frá mörgu að segja og orkan er mikil og um leið og komið er inn á réttar hugsana brautir mun þá ganga betur að koma því í gegn sem ég ætla að segja.

Ég hef reynt að koma reglulega og fannst okkur að ég gæti komið með erindi að þessu sinni og munum við bíða þess að tækifæri gefist að koma Sveini aftur í gegn, en ætla ég að reyna að koma örlítið inn á það sem hann hefur rætt við mig hér á nýjum hnetti og útskýra það ef hægt er.

*Það er spennandi.*

En fyrst vil ég fagna því að þið takið á móti orkunni og fagna því að starfið haldi áfram og gengur nokkuð vel miðað við þá helstefnu sem enn er ríkjandi á gömlu jörðinni eins og víðar og getum við því glaðst yfir því og vonum sannarlega að fleiri finnist til að taka þátt í starfinu, en engu að síður að gæði full gæði verði á því starfi í framtíðinni og að Nýalssinnar allir muni eflast í orku og þroska og muni bæði vinna það starf sér og öllum öðrum til heilla og mögnunar.

Og veit ég þó ekki auðveld ráð til að fjölga í félaginu, heldur verður það að gerast eins og áður hægt og bítandi ef ekki á að stefna í að fylgi fáið sem ekki er hægt að búast við að haldist til lengdar eða að aðilar hafi fullan skilning á viðfangsefninu.

Já hér er frá mörgu að segja í framlífi og vil ég hér í örfáum orðum segja frá því sem Sveinn Víkingur vildi koma inn á, að leyndardómar Nýalsstefnunnar og þessara framlífs fræða eru ekki síður þeir, að enn er verið að slípa kenningarnar og ræða um ýmsa þætti þessara mála og ekki síst drauma og það sem gerist við flutninginn.

Og við ræddum um það þegar hann var nýkominn hér yfir, hversu stórt og mikið það hugtak er, sem er draumar og hvað það hefur margskonar merkingu á Íslensku, og var hann þá að vísa í upplifanir þær sem hann varð fyrir í flutningnum.

Og við höfum komist að þeirri niðurstöðu að það megi túlka sem samskonar upplifanir og draumar eru, sem fólk verður fyrir þegar það er að skilja við og vil ég hrósa honum fyrir að taka vel eftir og hafði ég oft rætt þetta við þá sem nýkomnir eru á þennan hnött og spurt fólk ýmissa spurninga, sem það á misjafnlega erfitt með að svara og surmir af þeim sem ekki eru Nýalssinnar og aldrei hafa velt þessu fyrir sér, verða mjög hissa á þeim spurningum og hafa ekki veitt þessu athygli.

Já, ástæði nefndi ég það á gömlu jörðinni, þegar hugir mætast og stilliáhrif myndast sem geta leitt til merkilegrar og góðrar útkomu og akkúrat hvaða ættingja hann skynjaði áður en flutningur tókst að fullu yfir á annan hnött er áhugavert að fjalla um og rannsaka.

Og bendir til þess að löngu liðnir ættingjar og aðrir sem magna einstaklinginn fram á framlífs braut, geti gert vart við sig í þeim deyjandi heila sem tekur á móti og er það kannski ástæðan fyrir því að mörgum er haldið sofandi að mestu þegar viðskilnaðurinn á sér stað og verða þeir ekki varir við það sem gerist.

En er það til margs um þá sem fróðleiksfúsir eru og áhugasamir um þessa hluti og tilbúnir í umskiptin, að á skynjun þeirra slokknar ekki eins fljótt og annarra þegar þetta gerist.

Ætla ég nú ekki að fara nánar út í þetta, því þetta er erfitt fyrir miðilinn, en ætla ég að vona að honum takist að lýsa þessu sjálfum þegar hann kemur í sambandið.

Vil ég gjarnan fjalla örlítið um það sem ég hef haldið áfram að rannsaka hér í framlífi, áður en ég kveð ykkur, eins og mögnun kynjanna og minningar sem lifa áfram, ættarminningar og hvernig minningar löngu liðinna forfeðra, geta vaknað í einstaklingnum þegar sértstakar kringumstæður eru, samstilling og ástæði og líforkan er mikil og lækning fer fram og margt af því sem trúarbrögðin útskýra sem kraftaverk.

Var það mér sérstakt áhugamál að athuga hvernig minningum er viðhaldið og rifjaðar eru upp og hef ég nú komist að því að eftir því sem fleiri samstillast, á einstaklingurinn auðveldara með að halda sínum minningum og bæta við þær minningar og er þá nám sömuleiðis auðveldara og gáfur aukast og er þetta mikið mál að fjalla um og útskýra og vil ég gjarnan koma að því síðar.

En finn ég nú orkuna minnka og gleður mig sannarlega að hafa komist í sambandið og erum við hér margir sem komum að stofnun félagsins og sem viljum hag þess sem mestan og viljum koma seinna með ráð til ykkar og benda á hverjir gætu verið móttækilegir en verð ég nú að kveðja en vil ég senda góðar kveðjur til dætranna og allra ættingja og vina.

*Ég skal skila því.*

Og væri það ánægjulegt ef fundur yrði haldinn heima á Úlfsstöðum, en það verður allt að koma í ljós, er það ekki alveg undir okkur komið, en

*Við skulum stefna að því.*

Vona ég sannarlega að starfið gangi sem best og af Sveini er gott að segja og hann er orðinn orkumikill og mun vonandi koma í sambandið sem fyrst.

*Já, má ég spurja þig einnar spurningar?*

Já,

*Ég vil fyrst nefna það að það er gaman að þú ert að velta mikið vöngum yfir þessu sem gerist við andlátíð og flutninginn yfir á annan hnött, þú ert nú kannski kominn aftur á skoðun Helga sem þú gagnrýndir einu sinni, að maður geti rauninni skynjað eitthvað, meðan á flutningnum stendur, en eitt sinn skrifaðir þú að þú teldir að ekki svo væri, en svona breyta menn skoðunum eftir því sem nýjar skoðanir koma fram.*

Ja, ég er nú enn þá á þeirri skoðun að það sé sjaldgæfara að menn muni mikið.

Já.

En það kemur einmitt skemmtilega á óvart að það er ekki útilokað.

Nei.

En það er vissulega, hef ekki breytt þeirri skoðun minni að það er frekar sjaldgæft, en þeim mun áhugaverðara þegar það er hægt.

*Já svo er ein spurning svona að gamni í lokin sko, hafið þið Sveinn nokkuð rætt fyrstu ferðina ykkar fram á Arnarvatnsheiði á stórum jeppa sem Sveinn útvegaði, fékk lánaðan og mannstu nokkuð hvert þið fóruð þegar þið fóruð þá ferð 1959 og Elsa með ykkur?*

Ég veit ekki hvort ég kem því í gegn en jú við höfum látið ýmislegt flakka og skemmt okkur yfir gömlum sögum og já ég held ég verði að koma að því síðar, ég er ekki viss um að ég nái því, erfitt.

*Já, já. En afskaplega gaman að heyra í þér.*

Gleður mig að þú minnst á þetta og ég brosi er ég heyri þetta.

Já, það er sumuleiðis gaman að heyra í ykkur og þið heyrið á mér að ég hef ekki misst áhugan á þessu máli og hef margt fram að færa en það er þetta líka með félagið að því gangi sem best og það er ýmislegt sem maður hefur fyrir stafni.

Já skilst mér að það sé einhver áhugi utan úr heimi á þessum málum og meiri árangur í leit að stjörnum með lífi, er það ekki rétt skilið.

*Jú, það er óhætt að segja það og allt á réttri leið þar.*

Já, ég ætla nú að kveðja og þakka fyrir gott samband og vekur mér vonir um að vel gangi í framtíðinni og sendi bestu kveðjur til ykkar.

*Ég bið að heilsa öllum, afa og ömmu og öllum úr ættinni.*

Já. Verið þið sælir.

*Sæll, blessaður Þorsteinn.*